

HÚSAVÍKURBÆR

Alþingi
Erindi nr. P 130/1353
komudagur 15.3.2004

KETILSBRAUT 7 - 9 - 640 HÚSAVÍK

Alþingi
- umhverfisnefnd
150 Reykjavík

Húsavík, 16. mars 2004

Efni: Umsögn bæjarráðs Húsavíkurbæjar um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu, 130. löggjafarþing, 564. mál, heildarlög.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt á fundi bæjarráðs Húsavíkurbæjar 11. mars s.l.

Bæjarráð Húsavíkurbæjar telur framkomið frumvarp almennt hafa í för með sér jákvæða breytingu fyrir stjórnslu í Skútustaðahreppi og að það beri að haga lagasetningu með þeim hætti að ákvæði almennra laga í einstökum málaflokkum gildi um land allt.

Vardandi einstakar lagagreinar vill bæjarráð þó taka skýrt fram að það leggst alfarið gegn efni 4. gr. frumvarpsins þar sem skilgreind er sérstök verndun vatnasviðs Laxár og Mývatns. Greinin gengur þvert gegn þeirri megin hugsun að ákvæði almennra laga eigi að gilda. Í gildi eru vatnalög og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir sem að mati bæjarráðs hljóta að tryggja nauðsynlega vatnsvernd á þessu vatnasvæði eins og öðrum í landinu. Skv. skilgreiningu er um að ræða stærstan hluta láglendis í sveitarfélaginu. Verði greinin að lögum er því um að ræða stórukið inngrip í stjórnslu Húsavíkurbæjar frá því sem ákvæði nügildandi laga valda. Á því svæði sem um ræðir er allur sá landbúnaður sem stundaður er innan sveitarfélagsins. Þá kemur til greina að staðsetja atvinnurekstur sem nýtti háhitasvæðið á Þeistareykjum innan svæðisins.

Í ljósi þeirrar stöðu sem upp er komin eftir niðurstöðu fundar í landeigendafélagi Laxár og Mývatns á dögum hvetur bæjarráð löggjafann til þess að taka bráðabirgðaákvæði III út úr frumvarpinu við vinnslu þess. Með því gefst málsaðilum tækifæri til að freista þess að ná samkomulagi um þau deilumál sem uppi hafa verið. Verði niðurstaða þeirra á þann veg að kalli á lagabreytingu, verður að treysta löggjafanum til þess.

Að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem hér eru fram settar mælir bæjarráð Húsavíkurbæjar með samþykkt frumvarpsins.

Hjálögð er umsögn sem gefin var vegna frumvarps um sama efni sem lagt var fram á 128. löggjafarþingi. Efni hennar er hér einnig útrekað eftir því sem við á.

Með vinsæld og virðingu,


Reinhard Reynisson



HÚSAVÍKURBÆR

KETILSBRAUT 7 - 9 - 640 HÚSAVÍK

Alþingi
- Umhverfisnefnd
v/ Austurvöll
150 Reykjavík

Húsavík, 5. maí 2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarssýslu, 128. löggjafarþing – 637. mál.

Á fundi sínum 2. maí s.l. fjallaði bæjarráð Húsavíkurbæjar um ofangreint frumvarp og var svohljóðandi umsögn samþykkt samhljóða.


Bæjarráð telur að frumvarpið hafi almennt í för með sér jákvæðar breytingar fyrir stjórnýslu í Skútustaðahreppi og að samþykkt þess sé framfaraspor frá núgildandi lögum um vernd Mývatns og Laxár nr. 36/1974.

Frumvarpið og greinargerðin með því bera þess merki að fallist sé á þau sjónarmið, sem heimamenn hafa um nokkurt skeið haldið á lofti, að óþarfi sé að festa í sérlæg ákvæði sem almenn löggjöf í landinu tekur á og er það vel. Í því ljósi veur það furðu bæjarráðs að í frumvarpinu skuli gert ráð fyrir því að lögin taki sérstaklega til vatnsverndar á vatnasviði Mývatns og Laxár (sbr. 2. mgr. 2. gr. og 4 og 6. gr.). Almenn löggjöf sem tekur á vatnsvernd, s.s. vatnalög og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðir settar á grundvelli þeirra, hljóta að vera fullnægjandi til að tryggja nauðsynlega vatnsvernd á þessu vatnasvæði, eins og öðrum.

Að öðru leyti tekur bæjarráð efnislega undir umsögn sveitarstjórnar Skútustaðahrepps um frumvarpið frá 10. apríl s.l.

Í ljósi ákvæða frumvarpsins um sérstaka vatnsvernd á skilgreindu vatnasviði Mývatns og Laxár, sem hefur í för með sér verulega aukið inngríp í stjórnýslu Húsavíkurbæjar, telur bæjarráð það óeðlilegt að frumvarpið hafi ekki verið sent sveitarfélaginu til umsagnar fyrr en bæjarstjóri gékk eftir því sérstaklega.

Með vinsemd og virðingu,


Bæjarstjóri Húsavíkur
Reinhard Reynisson